

1855. hafa tekið próf í áður en fær að taka burtfararpróf, eða að tillit
13.desemb. sje haft til einkunna þeirra, er menn fá í sálarfræði og hugs-
unarfræði í prófinu, þegar reikna skal aðaleinkunn í burtfar-
arprófi.

Um leið og jeg nú get þess, að stjórnin er enn á því, viðvíkjandi hinum síðara kostinum, er þar um er sagt í brjefi hennar 23. marz f. á., skýri jeg yður frá til vitundar og frekari aðgjörða, að stjórnin hefur ekkert á móti því, að haldið verði framvegis í prestaskólanum sjerstakt próf í sálarfræði og hugsunarfræði, í lok fyrra kennsluársins, samkvæmt uppástungu forstjóra prestaskólans, er herra stiptamtmaðurinn og þjer háeruverðugi herra hafið fallizt á, þannig að engum verði leyft að taka burtfararpróf úr skólanum, nema hann hafi áður gengið undir þetta sjerstaka próf og hafi að minnsta kosti fengið einkunnina „vel“.

22.desemb. 47. Brjef dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins um gjald til yfirdómara¹.

Ásamt álitsskjali herra stiptamtmannsins 31. ágúst seinast liðinn hefur stjórnarráðið fengið álit það frá jústizíarius og 2. yfirdómara í hinum íslenzka landsyfirrjetti, er hjeðan var beðið um með brjefi 6. júní næst á undan, um kvörtun þá, er hingað var send frá kammerráði sýslumanni Kr. Magnusen, yfir því að áður nefndir tveir yfirdómarar hafi reiknað sjer 8 rd. 48 sk. fyrir að yfirfara og staðfesta danska útleggingu, eptir 1. yfirdómara í yfirrjettinum, jústitsráð Jónassen, á yfirdómsgjörningum í máli milli Kr. Magnusens og Gísla Jónssonar á Saurum.

Viðvíkjandi þessu vil jeg ekki láta hjá líða að skýra yður frá til vitundar og frekari auglýsingar, sem þörf gjörist, að stjórninni virðist ekki næg heimild í löggjöfinni til að taka gjöld fyrir hinn áður nefnda samanburð og staðfestingu á dómsgjörn-

1) Amtmanninum í vesturamtinu er s. d. skrifað áþekkt brjef um þetta efni.

ing, þar eð tilskipun 11. júlí 1800, 18. gr. ákveður ekki neina ^{1855.} borgun fyrir þess konar starf, enda hefur — eptir því sem nú 22.desemb. hefur verið upplýst — borgunar aldrei verið beðizt fyrir þetta og heldur ekki greidd, og þareð aukatekjureglugjörðin 10. september 1830, 54. gr. ekki getur náð til yfirdómaranna, sem samkvæmt tilskipun 11. júlí 1800, 5. gr., hafa laun sín af konungi, og þar eð þeim eru ekki veittar til launa aukatekjur þær sem koma við yfirdóminn, einkum þar eð það virðist, að gjöld við yfirdóminn verði einungis greidd eptir 12. gr. aukatekjureglugjörðarinnar.

48. Brjef dómsmálastjórnarinnar til amtmannanna á 22.desemb. Íslandi um stefnur til hæztarjettar.

Þar eð það á seinni tíð opt hefur borið við, þegar hæztarjettarstefnur í málum, sem skotið er til hæztarjettar frá Íslandi, hafa verið sendar til Íslands til að birta þær hlutaðeiganda, að þær eru aptur sendar hingað þannig, að stefnuvottarnir skrifa vitnisburð sinn á stefnuna, um að hún hafi verið birt, á íslenzku, án þess hann sje útlagður á dönsku, vildi jeg, sökum þess að það dregur óviðurkvæmilega úrslit málanna þegar senda þarf aptur stefnurnar til Íslands, til þess að gjörð verði staðfest útlegging af áskript stefnuvottanna, biðja herra (stipt)amtmanninn¹, að bjóða (bæði bæjarfógetanum í Reykjavík og) öllum sýslumönnum í yðar umdæmi, að þeir á sjálfa hæztarjettarstefnuna framvegis skrifi staðfesta danska útlegging á áskript stefnuvotta um að þeir hafi birt hana hlutaðeiganda, áður en hún er send hingað aptur.

1) Það sem er í svigum stendur ekki í brjefunum til hinna amtmannanna.